

10. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaптúnnum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 294 frá 15. maí 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Hofsóshreppi.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hafa stjórn og yfirsýn yfir búfjárhald í Hofsóshreppi til þess að koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir hreppsúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við vilja sveitarstjórnar á hverjum tíma.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Hofsóshreppi án leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókn skal tilgreina fjölda búfjár og geymslu þess.

4. gr.

Telji sveitarstjórn skilyrði fyrir hendi skal veita leyfi til búfjárhalds og er heimilt að takmarka það við ákveðinn fjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki Hofsóshrepp til að sjá leyfishöfum fyrir beitarnandi eða annarri aðstöðu. Leyfi er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð reglugerð þessari og er uppsegjanlegt með 1 árs fyrirvara miðað við 1. júní. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé viðkomandi farið úr landi Hofsóshrepps eigi síðar en 3 mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi og má eftir þann tíma selja það á uppboði eða slátra því á kostnað eiganda. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár og gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

5. gr.

Eigendur búfjár bera ábyrgð á tjóni sem búféð kann að valda.

6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóra falið að taka það í sína vörslu og selja það á uppboði eða slátra því.

7. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir leyfi til búfjárhalds. Ennfremur getur sveitarstjórn takmarkað fjölda búfjár í Hofsóshreppi.

8. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð í Hofsóshreppi.

Búfénað sem gengur laus, skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu.

Ennfremur geta þeir er fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendum slíks ágangsfénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun og geymslu fénaðarins áður en hann er afhentur, innan sólarhrings. Eftir þann tíma verður búfénaðurinn seldur á uppboði eða honum lögð. Ákvæði þessarar greinar svo og 5. gr. gilda einnig um búfé í eigu annarra en íbúa Hofsóshrepps.

9. gr.

Eftir 15. júlí 1985 verða aðeins leyfðar byggingar fyrir búfénað (utan lögbýla) á til þess skipulögðu svæði og skulu eigendur búfénaðar fá á skrifstofu Hofsóshrepps teikningar og byggingarskilmála til eftirbreytni.

10. gr.

Í byrjun kjörtímabils sveitarstjórnar skal kjósa 3 menn og 3 til vara til að hafa umsjón með málefnum er varða búfjárhald og lendur Hofsóshrepps til beitar og grasnytja. Skal nefndin heita búfjárnefnd. Nefndin skal vera sveitarstjórn ráðgefandi um nýtingu lands og allt er búfjárhald varðar.

Nefndin skal fá umsóknir sbr. 2. gr. til umsagnar og skila álitum til sveitarstjórnar.

Beit búfjár utan þeirra reita er búfjáreigendur hafa til ráðstöfunar er aðeins heimil á þeim beitarlöndum sem nefndin hefur ráðstafað til viðkomandi félaga.

Ennfremur heldur nefndin skrá yfir lönd sem sveitarstjórn leigir til grasnytja og er ráðgefandi varðandi þær breytingar sem gerðar kunna að verða, bæði varðandi leiguskilmála og leigjendur svo og ráðstöfun beitarlands.

11. gr.

Fái búfjáreigandi land til grasnytja sbr. 10. gr. skal hann viðhalda ræktun og girðingum þannig að viðunandi sé. Verði misbrestur þar á að dómi búfjárnefndar og/eða sveitarstjórnar, má segja leigunni upp fyrirvaralaust ef skriflegum ábendingum er eigi sinnt innan þess frests er gefinn verður hverju sinni.

12. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar reglugerðar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði reglugerðarinnar skulu innan 2ja mánaða frá gildistöku hennar, tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal tekinn í vörslu af lögreglustjóra, boðinn upp eða lögð að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

Nr. 407

21. október 1985

SAMÞYKKT

um sorphreinsun á Laugarbakka.

1. gr.

Sveitarstjórn Ytri-Torfustadahrepps annast eða býður út alla sorphreinsun á Laugarbakka, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar og samþykktum sveitarstjórnar.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppoka skal komið fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt. Húseigendur skulu kosta kaup þeirra, uppsetningu og viðhald. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.

4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af sveitarsjóði. Þó skal notandi greiða árlega gjald, er miðast við fjölda þeirra sorpgrinda er hann notar. Gjald þetta ákveðst árlega af sveitarstjórn í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og innheimtist með fastagjöldum.

5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjót og stórar greinar.

Ekkert má setja í sorppoka, sem getur skemmt þá (t. d. óinnpökkuð glerbrot) eða sem er svo þungt að hætta sé á að þeir rifni við flutning. Óheimilt er að setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að aðveldlega megi loka þeim.

Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.